

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2019/1012****2020/EES/16/14**

frá 12. mars 2019

um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 að því er varðar undanþágu frá reglum um tilnefningu eftirlitsstaða og frá lágmarkskröfum fyrir landamæraeftirlitsstöðvar (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 frá 15. mars 2017 um opinbert eftirlit og aðra opinbera starfsemi sem miðar að því að tryggja að lögum um matvæli og fóður og reglum um heilbrigði og velferð dýra, plöntuheilbrigði og plöntuverndarvörur sé beitt og um breytingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001, (EB) nr. 396/2005, (EB) nr. 1069/2009, (EB) nr. 1107/2009, (ESB) nr. 1151/2012, (ESB) nr. 652/2014, (ESB) 2016/429 og (ESB) 2016/2031, reglugerðum ráðsins (EB) nr. 1/2005 og (EB) nr. 1099/2009 og tilskipunum ráðsins 98/58/EB, 1999/74/EB, 2007/43/EB, 2008/119/EB og 2008/120/EB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/2004 og (EB) nr. 882/2004, tilskipunum ráðsins 89/608/EBE, 89/662/EBE, 90/425/EBE, 91/496/EBE, 96/23/EB, 96/93/EB og 97/78/EB og ákvörðun ráðsins 92/438/EBE (reglugerð um opinbert eftirlit) ⁽¹⁾, einkum 3. mgr. 62. gr. og 2. og 5. mgr. 64. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (ESB) 2017/625 er m.a. komið á fót ramma um framkvæmd opinbers eftirlits og annarrar opinberrar starfsemi í tengslum við dýr og vörur sem koma inn til Sambandsins frá þriðju löndum til að sannreyna að farið sé að löggjöf Sambandsins í því skyni að vernda heilbrigði manna, dýra og plantna, velferð dýra og, að því er varðar erfðabreyttar lífverur og plöntuverndarvörur, einnig umhverfið. Þar er kveðið á um að opinbert eftirlit eigi að fara fram með tilteknum sendingum af dýrum og vörum á landamæraeftirlitsstöð þar sem þær koma fyrst inn til Sambandsins. Í því skyni eiga aðildarríki að tilnefna landamæraeftirlitsstöðvar.
- 2) Í reglugerð (ESB) 2017/625 er kveðið á um að aðildarríki eigi að tilkynna framkvæmdastjórninni um það áður en þau tilnefna landamæraeftirlitsstöðvar þannig að framkvæmdastjórnin geti sannreynt og, ef nauðsyn krefur, innt af hendi eftirlit til að kanna hvort þær fari að lágmarkskröfum varðandi tilnefninguna sem þar er mælt fyrir um. Með reglugerð (ESB) 2017/625 er framkvæmdastjórninni falið vald til að mæla fyrir um tilteknar ítarlegar reglur um þessar lágmarkskröfur. Mælt hefur verið fyrir um þessar ítarlegu reglur í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1014 ⁽²⁾ (hér á eftir sameiginlega nefndar lágmarkskröfurnar). Í reglugerð (ESB) 2017/625 er einnig kveðið á um að aðildarríki eigi að afturkalla tilnefningu landamæraeftirlitsstöðvar ef hún hættir að fara að kröfum varðandi tilnefninguna að því er varðar alla flokka eða tiltekna flokka dýra og vara sem tilnefningin var gerð fyrir.
- 3) Ef afturköllun tilnefningar var gerð að hluta til, vegna þess að hún varðaði tiltekinn flokk dýra eða tiltekinn flokk vara eða alla flokka dýra eða alla flokka vara ef landamæraeftirlitsstöðin var tilnefnd fyrir flokka vara og dýra, ætti aðildarríkjum þó að vera heimilt að endurtilnefna landamæraeftirlitsstöðina fyrir þessa flokka dýra eða vara, sem tilnefningin var afturkölluð fyrir, án þess að þau verði fyrst að gefa framkvæmdastjórninni tækifæri til að inna af hendi eftirlit til að sannreyna fylgni við lágmarkskröfur. Þegar tekið er á tilviki þar sem ekki var farið að tilskildum ákvæðum ættu aðgerðir í slíkum tilvikum ekki að vera eins víðtækar og þær sem eru nauðsynlegar til að tilnefna landamæraeftirlitsstöð í fyrsta sinn. Því er rétt að setja reglur sem heimila aðildarríkjum að endurtilnefna landamæraeftirlitsstöðina fyrir þessa flokka dýra eða vara án þess að þau verði fyrst að gefa framkvæmdastjórninni tækifæri til að inna af hendi eftirlit til að sannreyna fylgni við lágmarkskröfur.
- 4) Til að gera framkvæmdastjórninni kleift að framkvæma ítarlegt mat á ráðstöfunum sem aðildarríki hefur gripið til í því skyni að taka á tilviki þar sem ekki var farið að tilskildum ákvæðum, sem varð til þess að tilnefningin var afturkölluð að hluta til, ættu aðildarríkin að tilkynna framkvæmdastjórninni um þessar ráðstafanir. Þau ættu því aðeins að halda áfram með endurtilnefninguna ef framkvæmdastjórnin telur að ráðstafanir sem gripið hefur verið til séu fullnægjandi til að ráða bót á því að ekki var farið að tilskildum ákvæðum.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 165, 21.6.2019, bls. 4. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 2/2020 frá 7. febrúar 2020 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

⁽¹⁾ Stjttíð. ESB L 95, 7.4.2017, bls. 1.

⁽²⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1014 frá 12. júní 2019 um að mæla fyrir um ítarlegar reglur um lágmarkskröfur fyrir landamæraeftirlitsstöðvar, þ.m.t. skoðunarmiðstöðvar, og um snið, flokka og skammstafanir til að nota til að skrá landamæraeftirlitsstöðvar og eftirlitsstaði (Stjttíð. ESB L 165, 21.6.2019, bls. 10).

- 5) Undanþágan frá reglunum í reglugerð (ESB) 2017/625 sem varða tilnefningu landamæraeftirlitsstöðva ætti einungis að gilda ef endurtilnefningin er gerð innan tveggja ára frá þeim degi þegar tilnefningin var afturkölluð að hluta til. Ef endurtilnefning er gerð eftir að meira en tvö ár eru liðin frá þeim degi þegar tilnefningin var afturkölluð að hluta til ætti framkvæmdastjórnin áfram að hafa möguleika til að inna eftirlit af hendi, í því skyni að meta breytingar sem urðu á landamæraeftirlitsstöðvum, til að sannreyna að landamæraeftirlitsstöðin fari að lágmarkskröfum.
- 6) Með reglugerð (ESB) 2017/625 er leyft, í tilteknum tilvikum, að opinbert eftirlit fari fram á öðrum eftirlitsstöðum en landamæraeftirlitsstöðvum og gerð sú krafa að þessir eftirlitsstaðir fari að lágmarkskröfum og kröfum varðandi tilnefningu og afturköllun tilnefninga landamæraeftirlitsstöðva. Þess vegna þykir rétt að reglurnar í þessari reglugerð, sem varða endurtilnefningu landamæraeftirlitsstöðva, gildi einnig um eftirlitsstaði.
- 7) Í reglugerð (ESB) 2017/625 er gerð sú krafa að landamæraeftirlitsstöðvar séu staðsettar í næsta nágrenni við komustað inn í Sambandið. Til að auðvelda skilvirkt skipulag og framkvæmd opinbers eftirlits og annarrar opinberrar starfsemi ætti þó að mæla fyrir um reglur til að tilgreina tilvik þar sem um er að ræða sérstakar landfræðilegar takmarkanir og við hvaða skilyrði landamæraeftirlitsstöðvar megi vera staðsettar annars staðar en í næsta nágrenni við komustað inn í Sambandið. Landfræðilegar takmarkanir ættu að stafa af náttúrulegum eiginleikum og landslagi komustaðarinnar og fjarlægðin frá komustaðnum ætti ekki að vera meiri en bráðnauðsynlegt er til að yfirstíga þá erfiðleika sem stafa af landfræðilegu takmörkunum. Enn fremur ætti fjarlægðin ekki að vera slík að hún stofni heilbrigði manna, dýra og plantna, velferð dýra og umhverfinu í hættu. Sérstakar landfræðilegar takmarkanir ættu að ná yfir takmarkanir sem geta valdið verulegum takmörkunum á flutningi, t.d. fjallgarðar með vegum sem henta ekki til tilflutninga á dýrum og vörum eða valda verulegum töfum á tilflutningi þeirra.
- 8) Landamæraeftirlitsstöðvar fyrir innflutning á sendingum af ónunnum viðarbolum og söguðum og höggnum viði starfa oft við landfræðilegar takmarkanir sem stafa af löngum strandlengjum eða löngum landamærum sumra aðildarríkja. Af áðurnefndum landfræðilegum takmörkunum leiðir að þær eru alla jafna einungis starfræktar þegar opinbert eftirlit fer fram. Þess vegna ætti að koma á tilteknum undanþágum frá lágmarkskröfum fyrir landamæraeftirlitsstöðvar, sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 64. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625, að því er varðar tilnefningu þeirra. Til að tryggja skilvirkni opinbers eftirlits og annarrar opinberrar starfsemi ætti samt sem áður að uppfylla sérstök skilyrði þegar færanlegur opinber eftirlitshópur á vegum lögbærs yfirvalds landamæraeftirlitsstöðvarinnar annast þetta eftirlit og þessa starfsemi. Færanlegur opinber eftirlitshópur ætti einkum að geta verið með nægan fjölda starfsfólks með viðeigandi menntun og hæfi og hafa aðgang að nauðsynlegum búnaði þegar opinbert eftirlit eða önnur opinber starfsemi fer fram.
- 9) Reglurnar, sem gerð er krafa um að framkvæmdastjórnin komi á í samræmi við 3. mgr. 62. gr. og 2. og 5. mgr. 64. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625, eru nátengdar því þær varða allar undanþágur eða frávik frá tilteknum reglum sem gilda um landamæraeftirlitsstöðvar. Til að auðvelda rétta og heildstæða beitingu þessara reglna, sem ættu einnig að gilda frá sömu dagsetningu, þykir rétt að mæla fyrir um þær í einni gerð.
- 10) Þar eð sérstakar valdheimildir, sem framkvæmdastjórninni voru veittar og settar voru fram í reglugerð (ESB) 2017/625, koma til framkvæmda frá og með 14. desember 2019 ætti þessi reglugerð einnig að gilda frá sama degi.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efni

Í þessari reglugerð er mælt fyrir um reglur um:

- a) endurtilnefningu landamæraeftirlitsstöðvar eða annars eftirlitsstaðar en landamæraeftirlitsstöðvar þegar tilnefning hefur verið afturkölluð að hluta til,
- b) landamæraeftirlitsstöðvar sem eru staðsettar annars staðar en í næsta nágrenni við komustað inn í Sambandið vegna sérstakra landfræðilegra takmarkana,
- c) tilnefningu landamæraeftirlitsstöðva vegna innflutnings á ónunnum viðarbolum og söguðum og höggnum viði til að taka tillit til sérstakra landfræðilegra takmarkana.

2. gr.

Endurtilnefning landamæraeftirlitsstöðvar eða annars eftirlitsstaðar en landamæraeftirlitsstöðvar í kjölfar afturköllunar á tilnefningu að hluta til

1. Þrátt fyrir 3., 4. og 5. mgr. 59. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625 er aðildarríki, sem hefur afturkallað tilnefningu landamæraeftirlitsstöðvar eða annars eftirlitsstaðar en landamæraeftirlitsstöðvar eins og um getur a-lið 1. mgr. 53. gr. þeirrar reglugerðar, að því er varðar tiltekna flokka dýra eða vara vegna þess að lágmarkskröfum sem um getur í 3. mgr. 64. gr. þeirrar reglugerðar eða ítarlegum reglum um lágmarkskröfur sem mælt er fyrir um í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/1014 var ekki fylgt, heimilt að endurtilnefna viðkomandi landamæraeftirlitsstöð eða eftirlitsstað (hér á eftir nefnt endurtilnefningin) í samræmi við 2. til 5. mgr. þessarar greinar.
2. Áður en endurtilnefningin, sem um getur í 1. mgr., fer fram skal aðildarríkið tilkynna framkvæmdastjórninni um þær ráðstafanir sem það hefur gripið til í því skyni að ráða bót á því að lágmarkskröfunum, sem um getur í 1. mgr., sé ekki fylgt.
3. Innan mánaðar frá þeim degi þegar tilkynningunni er veitt viðtaka skal framkvæmdastjórnin meta hvort ráðstafanirnar sem gripið var til eru fullnægjandi til að tryggja að lágmarkskröfunum sé fylgt og skal, innan þess tíma, upplýsa aðildarríkið um niðurstöðuna úr mati hennar.
4. Aðildarríkið skal því aðeins halda áfram með endurtilnefninguna ef framkvæmdastjórnin hefur upplýst það um, í samræmi við 3. mgr., að ráðstafanirnar sem viðkomandi aðildarríki greip til séu nægar til að tryggja að lágmarkskröfunum sé fylgt.
5. Endurtilnefningin, í samræmi við 4. mgr., má einungis fara fram innan tveggja ára frá þeim degi sem tilnefningin, sem um getur í 1. mgr., er afturkölluð að hluta til.

Eftir þessi tvö ár má endurtilnefningin einungis fara fram í samræmi við 59. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625.

3. gr.

Landamæraeftirlitsstöðvar sem eru staðsettar annars staðar en í næsta nágrenni við komustað inn í Sambandið

1. Þrátt fyrir 1. mgr. 64. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625 mega landamæraeftirlitsstöðvar vera staðsettar annars staðar en í næsta nágrenni við komustað inn í Sambandið að því tilskildu að:
 - a) þetta sé nauðsynlegt vegna sérstakra landfræðilegra takmarkana í samræmi við 2. mgr. og
 - b) skilyrðin, sem mælt er fyrir um í 3. mgr., séu uppfyllt.
 2. Landfræðilegu takmarkanirnar, sem um getur í 1. mgr., skulu vera þannig að þær komi í veg fyrir eða takmarki skilvirka framkvæmd opinbers eftirlits og annarrar opinberrar starfsemi.
- Þessar landfræðilegu takmarkanir skulu samanstanda af einu eða fleiri eftirtalinna atriða:
- a) komustaður er þannig staðsettur landfræðilega að það hefur í för með sér verulegar takmarkanir á flutningakerfið,
 - b) komustaður verður fyrir endurteknum flóðum á tilteknum tímabilum á árinu,
 - c) bryggjum sem eru umkringdar klettaveggjum,
 - d) landamæravegum sem fara yfir fjallgarð,
 - e) járnbrautarflutningum á dýrum og vörum sem gera það að verkum að nauðsynlegt er staðsetja landamæraeftirlitsstöðina á fyrstu stöðinni eða
 - f) komustað án heppilegs landsvæðis til að gera það kleift að staðsetja landamæraeftirlitsstöðina og starfsstöðvar hennar í næsta nágrenni.

3. Ef aðildarríki ákveður að tilnefna eina landamæraeftirlitsstöð eða fleiri, sem um getur í 1. mgr., skal tilnefningin háð því að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

- a) fjarlægð landamæraeftirlitsstöðvarinnar frá komustað inn í Sambandið er í réttu hlutfalli við þörfina til að yfirstíga landslagstakmarkanir og gengur ekki lengra en sú þörf og
- b) landamæraeftirlitsstöðin og komustaðurinn eru á valdsviði sama tollyfirvaldsins þannig að unnt er að flytja sendingar frá komustaðnum á landamæraeftirlitsstöðina án þess að setja þær í og meðhöndla í tollmeðferð.

4. Landamæraeftirlitsstöðin skal staðsett í hæfilegri fjarlægð frá starfsstöðvum eða stöðum þar sem dýr, plöntur, plöntuafurðir eða aðrir hlutir sem eru næmir fyrir sýkingum af völdum smitandi sjúkdóma eða skaðvalda eru haldin eða ræktuð.

4. gr.

Undanþágur fyrir landamæraeftirlitsstöðvar vegna innflutnings á óunnum viðarbolum og söguðum og höggnum við

1. Undanþágan, sem kveðið er á um í 2. mgr., skal gilda um landamæraeftirlitsstöðvar sem, vegna langra strandlengja eða landamæra hlutaðeigandi aðildarríkis, eru einungis starfræktar þegar eftirlit með sendingum af óunnum viðarbolum og söguðum og höggnum við (hlutaðeigandi landamæraeftirlitsstöðvar) fer fram.

2. Aðildarríkjum er heimilt að tilnefna hlutaðeigandi landamæraeftirlitsstöðvar og veita þeim undanþágu frá þeim skyldum sem um getur í a-, c- og f-lið 3. mgr. 64. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625 að því tilskildu að eftirfarandi skilyrðum sé fullnægt:

- a) ráðstafanir eru fyrir hendi til að koma alltaf í veg fyrir komu ótilgreindra sendinga af óunnum viðarbolum og söguðum og höggnum við inn í Sambandið,
- b) hlutaðeigandi landamæraeftirlitsstöð hefur yfir að ráða nægum fjölda starfsfólks með viðeigandi menntun og hæfi í færanlegum opinberum eftirlitshópi lögbærra yfirvalda sem getur komist á hlutaðeigandi landamæraeftirlitsstöð áður en sendingarnar koma til að inna af hendi opinbert eftirlit með óunnum viðarbolum og söguðum og höggnum við,
- c) færanlegur opinber eftirlitshópur lögbærra yfirvalda lætur í té eða hefur tafarlausan aðgang að:
 - i. búnaði, athafnasvæði eða öðrum starfsstöðvum sem um getur í c-lið 3. mgr. 64. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625 og
 - ii. tækni og upplýsingatækniþúnaði sem um getur í f-lið 3. mgr. 64. gr. þeirrar reglugerðar.

5. gr.

Gildistaka og beiting

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 14. desember 2019.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 12. mars 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.